



Borgarráð

### ***Samráðsnefnd Grænna skrefa Reykjavíkurborgar***

Hjálögð drög að erindisbréfi samráðsnefndar Grænna skrefa Reykjavíkurborgar eru lögð fram til kynningar. Hlutverk samráðsnefndar Grænna skrefa er að gera starfssemi Reykjavíkurborgar umhverfissvænni og í því skyni hafa yfirumsjón með verkefninu vinna að þróun þess og veita verkefnastjóra Grænna skrefa stuðning í starfi.

Greinargerð:

Verkefnið Græn skref í starfsemi Reykjavíkurborgar snýst um að efla vistvænan rekstur í starfsemi borgarinnar ásamt því að skapa fordæmi í því að minnka umhverfisáhrif sveitarfélagsins með kerfisbundnum hætti. Verkefnið hófst formlega í október 2011. Allir vinnustaðir Reykjavíkurborgar eiga að vera þátttakendur í Grænum skrefum samkvæmt innleiðingaráætlun loftslagsstefnu sem samþykkt var í borgarráði 6. október 2016.

Nú, árið 2019 eru 130 starfsstaðir skráðir þátttakendur í Grænu skrefunum, en starfsstaðir borgarinnar eru tæplega 400. Tímabært er orðið að endurskoða stjórnskipulag og hin fjögur grænu skref í ljósi þeirra breytinga sem hafa orðið í umhverfismálum og fyrirkomulagi hjá Reykjavíkurborg frá því verkefnið fór fyrst af stað og að gera átak í þátttöku starfsstaða borgarinnar í verkefninu.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:  
Drög að erindisbréfi samráðsnefndar Grænna skrefa Reykjavíkurborgar.

# ERINDISBRÉF

## Samráðsnefnd Grænna skrefa Reykjavíkurborgar

### Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

### Inngangur:

Verkefnið Græn skref í starfsemi Reykjavíkurborgar snýst um að efla vistvænan rekstur í starfsemi borgarinnar ásamt því að skapa fordæmi í því að minnka umhverfisáhrif sveitarfélagsins með kerfisbundnum hætti. Verkefnið hófst formlega í október 2011 og er innblásið frá umhverfisstjórnunarkerfi Harvard háskóla í Bandaríkjunum sem nefnist Green Office og er ætlað að minnka neikvæð umhverfisáhrif háskólans. Allir vinnustaðir Reykjavíkurborgar eiga að vera þátttakendur í Grænum skrefum fyrir lok árs 2016 samkvæmt innleiðingaráætlun loftslagsstefnu sem samþykkt var í borgarráði 6. október 2016. Þátttaka í Grænum skrefum styður einnig við markmið annarra stefna Reykjavíkurborgar, s.s. matarstefnu, innkaupastefnu og stefna á sviði umhverfis- og skipulagsmála.

Nú, árið 2019 eru 130 starfsstaðir skráðir þátttakendur í Grænu skrefunum, en starfsstaðir borgarinnar eru tæplega 400. Tímabært er orðið að endurskoða stjórnskipulag og hin fjögur grænu skref í ljósi þeirra breytinga sem hafa orðið í umhverfismálum og fyrirkomulagi hjá Reykjavíkurborg frá því verkefnið fór fyrst af stað og að gera átak í þátttöku starfsstaða borgarinnar í verkefninu.

### Hlutverk:

Hlutverk samráðsnefndar Grænna skrefa er að gera starfssemi Reykjavíkurborgar umhverfisvænni og í því skyni hafa yfirumsjón með verkefninu Græn skref, vinna að þróun þess og veita verkefnastjóra grænna skrefa stuðning í starfi.

### Helstu verkefni:

- Endurskoðun stjórnskipulags og aðkomu hvers fagsviðs að verkefninu.
- Endurskoðun allra aðgerða innan hvers skrefs og innleiðingaráætlunar.
- Vera tengiliður við fagsvið og upplýsa þau um framgang verkefnisins.
- Vera tengiliður við starfsstaði sem taka þátt í verkefninu.

### Samráðsnefndina skipa:

Verkefnisstjóri Grænna skrefa (formaður).

Fulltrúi kjarnasviðs þjónustu og nýsköpunar.

Fulltrúi kjarnasviðs fjármála- og áhættustýringar.

Fulltrúi kjarnasviðs mannauðs- og starfsumhverfis.

Fulltrúi borgarritara.

Fulltrúi skóla- og frístundasviðs.

Fulltrúi velferðarsviðs.

Fulltrúi umhverfis- og skipulagssviðs.

Fulltrúi menningar- og ferðamálasviðs.

Fulltrúi íþróttá- og tómstundasviðs.

**Til ráðgjafar og samstarfs:**

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu. Eftir því sem við á leiti samráðsnefndin eftir samstarfi við græn skref í ríkisrekstri.

**Starfstímabil:**

Samráðsnefndin er skipuð til ársloka 2022 og skili ábyrgðarmanni skýrslu um stöðu verkefnisins við lok hvers árs.

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggertsson

DRÖG